



## Félags- og menningarmálanefnd - 08.03.2016

---

7. fundur

08. mars 2016, kl 16:10-17:50

Fundarstaður: Vogafjós

---

### Fundarmenn:

### Starfsmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Jóhanna Njálisdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Ólafur Þróstur Stefánsson

Anna Dóra Snæbjörnsdóttir (í fjarveru Sigurðar Böðvarssonar)

---

### Dagskrá:

1. *Fundarsetning*
2. *Lýðheilsa – Jóhanna Jóhannesdóttir kynnir mastersverkefni sitt*
3. *Styrkveitingar – fyrri úthlutun 2016*
4. *Jafnréttisáætlun*
5. *Fundadagskrá 2016*
6. *Til kynningar:*  
*Málefni Skjólbrekku – bókun frá fundi sveitarstjórnar 13. jan.*  
*Afmælishátíð Skjólbrekku-Þakkir – bókun frá fundi sveitarstjórnar 13. jan.*  
*Úrskurðarnefnd velferðarmála – tölvupóstur frá sveitarstjóra 20. jan.*
7. *Önnur mál*

### 1. Fundarsetning

Elísabet setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 2. Lýðheilsa – Jóhanna Jóhannesdóttir kynnir mastersverkefni sitt

Jóhanna Jóhannesdóttir kom inn á fundinn og kynnti mastersverkefni sitt í lýðheilsuvísindum frá HÍ sem hún vinnur að þessi misserin. Verkefnið lýtur að lýðheilsumálum og miðar að því að skoða stöðuna í dag hvað varðar líkamlega og andlega

heilsu íbúa í Skútustaðahreppi. Hún ætlar að gera könnun sem verður send rafrænt á alla 18 ára og eldri með lögheimili í hreppnum, þó verður möguleiki á að fá hana senda bréfleiðis fyrir þá sem ekki geta fyllt hana út rafrænt. Markmiðið með könnuninni er að niðurstöður hennar geti nýst sem grunnur ef sveitarfélagið gerist heilsuefandi samfélag. Leiðbeinandi hennar er Héðinn Svarfdal verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis og einn af höfundum heilsuefandi samfélags.

Jóhanna óskar eftir því að fá að senda drög að spurningakönnuninni á nefndarmenn og biður um að fá álit frá þeim. Nefndarmenn taka vel í erindið og samþykkja að verða að ósk Jóhönnu.

### 3. Styrkveitingar - fyrri úthlutun 2016

Sex umsóknir bárust að þessu sinni. Nefndin leggur til að styrkjum verði úthlutað sem hér segir:

Menningarfélagið Gjallandi – Myndlistarnámskeið í Mývatnssveit	100.000 kr.
Mývatnsstofa – Jólasveinarnir í Dimmuborgum – vörupróun	100.000 kr.
Sumartónleikar við Mývatn – Sumartónleikar við Mývatn 2016	120.000 kr.
Músík í Mývatnssveit – Músík í Mývatnssveit 2016	100.000 kr.

### 4. Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin er í vinnslu og er á lokametrunum. Markmið og aðgerðir áætlunarinnar rædd. Ákveðið er að Anna Dóra og Elísabet klári áætlunina og sendi hana svo til Jafnréttisstofu og fái álit. Markmiðið er að hún verði send til sveitarstjórnar til samþykktar fyrir lok marsmánaðar.

### 5. Fundadagskrá 2016

Samþykkt að fundir Félags- og menningarmálanefndar á fyrri hluta árs 2016 verði sem hér segir: 12. apríl, 10. maí, 7. júní, 9. ágúst.

### 6. Til kynningar

Málefni Skjólbrekku – bókun frá fundi sveitarstjórnar 13. jan. sl.:

*„Lagður fram samningur við Mývatn ehf. um rekstur Skjólbrekku. Samningurinn er framlenging á fyrri samningi og gildir til eins árs. Sveitarstjórn samþykkir samninginn. Sveitarstjórn felur Félags- og menningarmálanefnd að vinna tillögur að framtíðarhlutverki og nýtingu Skjólbrekku. Nefndin skili tillögum til sveitarstjórnar fyrir 1. júní 2016“.*

Nefndin felur Ólafi Þresti og Sigurði að leita eftir liðsstyrk frá Menningarfélaginu Gjallanda við útfærslu á tillögum.

Afmælishátíð Skjólbrekku-Þakkir – bókun frá fundi sveitarstjórnar 13. jan. sl.:

*“Sveitarstjórn færir Félags- og menningarmálanefnd og Menningarfélaginu Gjallanda sem undirbjuggu 60. ára afmælisveislu Skjólbrekku bestu þakkir fyrir góða skemmtun.”*

Úrskurðarnefnd velferðarmála – tölvupóstur frá sveitarstjóra 20. jan. sl.:

*“Til þess er málið varðar.*

*Þann 1. janúar sl. voru úrskurðar- og kærunefndir sem starfað hafa á málefnasviði velferðarráðuneytisins sameinaðar í eina nefnd, þ.e. úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. lög nr. 85/2015. Þær ákvarðanir félagsmálanefnda sveitarfélaganna sem voru kærnanlegar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála er nú hægt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur til nefndarinnar er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun og á eftirfarandi vefslóð er hægt að nálgast kærueyðublað sem er gott fyrir kærundur að styðjast við”:*

<https://www.velferdarraduneyti.is/kaerunefndir/felagsthjonusta/>

## **7. Önnur mál**

Jóhanna fór á bókasafnið í gær (7. mars) og Þura benti henni þá á nýjan leka frammi við hurð auk þess sem hún benti á að það er sírennsli í klósettinu og vaskinum á salerninu sem er staðsett fyrir framan bókasafnið. Nefndin vill ítreka mikilvægi þess að skoða lekamál í Skjólbrekku til að koma megi í veg fyrir skemmdir.

*Fundi slitið kl. 17:50.*